HÚSA SKÓLI

Birt með fyrirvara um breytingar!

**Náttúrugreinar (samþætt við íslensku) 2024-2025** **4. BEKKUR**

<table>
<tr><th>Námsþættir</th><th>Hæfniviðmið</th><th>Námsmat</th></tr>
<tr><td>Flokkun úrgangs:<br>- lífrænt<br>- ólífrænt<br>- plast<br>- pappi<br><br>Spendýr:<br>- að lágmarki eitt spendýr tekið fyrir í hverjum árgangi<br><br>Fugl:<br>- að lágmarki einn fugl tekinn fyrir í hverjum árgangi<br><br>Planta:<br>- að lágmarki ein planta tekin fyrir í hverjum árgangi<br><br>Himingeimurinn<br><br>Tæknin<br><br>Lesa fræðitexta um dýr og finna upplýsingar m.a. varðandi , fæðu, æxlun og útlit<br><br>Gera einfalda rannsókn</td><td>Geta til aðgerða<br>Að nemandi geti:<br>• Tekið frumkvæði við öflun upplýsinga til að skoða tiltekið málefni frá ýmsum sjónarhornum<br><br>Nýsköpun og hagnýting þekkingar<br>Að nemandi geti:<br>• Komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu<br>• Bent á störf sem krefjast sérþekkingar<br><br>Gildi og hlutverk vísinda og tækni<br>Að nemandi geti:<br>• Notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum<br>• Útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi þeirra<br><br>Vinnubrögð og færni<br>• Sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni<br>• Aflað sér upplýsinga er varða náttúruna<br>• Skráð atburði og athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim<br><br>Ábyrgð á umhverfi<br>• Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, sýnt félögum og náttúru alúð<br>• Nýtt reynslu og hæfni í námi og daglegu lífi, einn og með öðrum<br><br>Lífsskilyrði manna<br>• Lýst skynjun sinni og upplifun af breytingum á hljóði, ljósi og hitastigi og áhrifum sólarljóss á umhverfi, hitastig og líkamann og tengt hitastig við daglegt líf<br><br>Náttúra Íslands<br>• Lýst algengustu lífverum í nánasta umhverfi sínu<br><br>Að búa á jörðinni<br>• Fylgst með og skráð upplýsingar um veður í heimabyggð<br><br>Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu<br>• Rætt hvernig uppfinningar hafa gert líf fólks auðveldara eða erfiðara, á heimilum og í ólíkum atvinnugreinum<br>sagt frá þróun algengra rafmagnstækja og áhrifum segla</td><td>Leiðsagnarmat<br>Leiðsagnarmat er mat sem lagt er fyrir nemendur jafnt og þétt allt námsárið með það að markmiði að nota niðurstöðurnar til að bæta námsárangur og kennslu.<br>Leiðsagnarmat eflir námsvitund nemenda og eykur skilning þeirra á því hvað og hvernig þeir læra og hvernig þeir geta hagað námi sínu til að ná sem bestum árangri.<br><br>Símat byggt á lykilhæfni:<br>- virkni<br>- vinnubrögð<br>- færni<br>- skilningur<br>- einbeiting<br><br>Sjálfsmat og jafningjamat<br><br>Hæfnieinkunn gefin fyrir hvern þátt samkv. aðalnámskrá<br>.</td></tr>
<tr><td colspan="3">Námsefni: Ýmsar barnabækur og verkefni unnið skv. Byrjendalæsi.</td></tr>
<tr><td colspan="3">Meginmarkmið náttúrugreina er að nemendur átti sig á að þeir eru hluti af samfélagi þjóða og séu meðvitaðir um að tækni, mannlegar ákvarðanir og gjörðir hafa áhrif á sameign allra jarðarbúa, nú og til framtíðar.</td></tr>
<tr><td>Hæfnieinkunn</td><td colspan="2">Framúrskarandi ★ Hæfni náð ✓ Á góðri leið ◇ Þarfnast þjálfunar ○ Hæfni ekki náð ✕</td></tr>
</table>